

Nd.

292. Nefndarálit

[159. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingar á gengi íslenskrar krónu.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er venjulegt fylgifrumvarp með gengislækkun. Það fjallar fyrst og fremst um tæknileg efni í sambandi við nýja skráningu gengisins, en er jafnframt staðfesting gengislækkunarinnar í formi laga.

Alþýðubandalagið er andvíggt þeirri gengislækkun, sem ríkisstjórnin nú hefur beitt sér fyrir, og telur hana rangláta og auk þess ekki líklega til að leysa þann vanda sem við er að fást í efnahagsmálum. Fyrir rúmu ári, eða 1. janúar 1974, var kaupgengi ísl. krónu miðað við Bandaríkjadollar skráð kr. 84.50, nú verður skráð kaupgengi miðað við dollar kr. 149.20. Hér er um verðsveiflu að ræða á rúmu ári, sem nemur 76.5%.

Núverandi ríkisstjórn felldi gengið um 17% 2. september á s. l. ári og hafa því liðið aðeins 5 mánuðir og 10 dagar á milli gengislækkunar sem hún ákveður.

Þegar gengið var fellt í septembermánuði var því haldið fram, að með þeirri breytingu væri vandi sjávarútvegsins leystur og að staðan í gjaldeyrismálum ætti að fara batnandi. Um miðjan desembermánuð, þegar fjárlög voru afgreidd, var enn talið, að efnahagsástandið mundi fara batnandi, og tekjur á nýjum fjárlögum miðaðar við það.

Í lok janúarmánaðar tilkynnti ríkisstjórnin að gjaldeyrisvarasjóðurinn væri þurrausinn og hrikalegur vandi væri framundan í málum sjávarútvegsins.

Þannig hafði tvennt gerst á örfáum mánuðum, að ljóst var að gengislækkunin í september hafði engan vanda leyst og að ríkisstjórnin var gjörsamlega ráðvillt og sá ekki einn mánuð fram í tímann.

Ný gengislækkun mun engan vanda leysa. Í kjölfar hennar hækkar verð á öllum innfluttum vörum um 25% — jafnt á brýnustu nauðsynjavörum og litrið þörfum eða algjörlega óþörfum vörum. Telja má alveg víst, miðað við þá reynslu, sem fengist hefur af gengislækkunum, að almennt hækki allt verðlag í landinu á nokkrum mánuðum um 10—15%. Alþýðubandalagið hefur í allitarlegum tillögum gert grein fyrir því, hvernig það vill bregðast við þeim vanda sem við er að fást í efnahagsmálum. Þær tillögur miðast við það, að tryggð verði full atvinna og full nýting allra framleiðslutækja þjóðarinnar og að kaupmáttur láglæna verði ekki skertur. Þær tillögur miða að því að stöðva óþarfa gjaldeyriseyðslu, rétta hlut sjávarútvegs, m. a. með því að létta ýmsum útgjöldum af framleiðslunni og leggja áherslu á betri nýtingu og sparnað í rekstri, og á verulegan sparnað í rekstrarútgjöldum ríkis og ríkisstofnana.

Þar sem Alþýðubandalagið er andvíggt gengislækkun þeirri, sem ríkisstjórnin hefur ákveðið, legg ég til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 13. febr. 1975.

Lúðvík Jósepsson.